I

40 síður (I. og II.) og Lesbók

Morgunblaðið

47 árgangur — 231. tbl. — Sunnudagur 9. október 1960 — Prentsmiðja Morgunblaðsins

Læknavísindin vinna enn sigur

Komizt fyrir mjaðmaliðhlaup nýfæddra barna

LÆKNAVÍSINDUNUM hefur nú tekizt að sigra að fullu eina af þeim þjáningum, sem fylgt hafa mannkyninu frá örófi alda. Það eru sænskir vísindamenn og læknar, sem hafa komizt að því, hvers vegna talsvert mörg ungbörn ganga úr mjaðmalið við fæðingu. En þetta hefur valdið mörgum, þegar þeir vaxa upp þjáningum og bjargarleysi. Það er nú komið upp, að kirtlavökvi frá móðurinni veldur þessu. Er nú hægt að forðast þetta með öllu á fæðingardeildum.

Aðgerð Lorenz

Svenska Dagbladet í Stokkhólmi greinir frá þessum sigri læknavísindanna í fyrradag. Það greinir frá því að mjaðmarliðhlaup hafi komið fyrir að jafnaði hjá einu af hverju þúsundi fæddra barna. Sjúkdómurinn hefur verið þekktur frá fornu fari. Lengi vel voru engin ráð til gegn honum og orsakaði hann mikinn fjölda bæklaðra og bjargarlausra.

Um síðustu aldamót fann austurrískí læknirinn Lorenz upp aðferð til að setja börnin í liðinn. En það var erfið aðgerð og þurfti barnið að vera í gipsi eitt til tvö misseri. Aðferð hans hefur síðan verið fylgt lítið breyttri.

Menn hafa komizt að því, að þeim mun betri árangur náðist með aðgerð Lorenz eftir því sem barnið var yngra, þegar hún var framkvæmd. En sjaldnast varð vart við missmíðina fyrr en barnið fór að ganga og oft kom það fyrir að það dróst síðan í 1 til 2 ár að menn leituðu læknis.

Frh. á bls. 15.



Jöklar eyðast

SÍÐUSTU áratugina hafa jöklar landsins hraðminnkað. Síðan reglulegar mælingar hófust um 1930 hafa skriðjöklarnir t.d. stytzt um 500—1000 m. og þynnzt verulega.

☆

Myndin hér til hliðar sýnir vel hvernig komið er fyrir Okinu. Jökullinn hefur eyðst svo mjög að gígurinn er orðinn auður nema í botninum og er hann nú fyrir utan fönnina. Á korti Þorvaldar Thoroddsen, sem gert var um 1890, er Okið 35 ferkm. á stærð, skv. herforingjaráðskortinu frá 1910 er hann 15 ferkm. og skv. amerísku korti, sem gert var 1945 er jökullinn ekki nema 7 ferkm að flatarmáli. Þess ber þó að geta að kort Þorvaldar Thoroddsen er ónákvæmt og ekki byggt á öruggum heimildum.

☆

Og enn minnkar Okið, eins og myndin sýnir, sem tekin var úr lofti fyrir nokkrum dögum, er jöklarannsóknarmenn flugu yfir hálendið.

Ný sigdæld

Svo er hér önnur merkileg mynd, sem tekin var í sömu flugferð. Hún sýnir hvað gerðist uppi í Vatnajökli, norður af Grímsvötnum, þegar hlaup ið kom í Skaftá fyrstu dagana í sept. og brennisteinslyktin fannst víða á Norðurlandi. Eftir að hitinn þarna undir jöklinum hefur verið búinn að bræða talsvert vatnsmagn, hef ur það brotizt fram í Skaftá. Og þá hefur jökullinn yfir staðnum sigið og sprungið. Myndin sýnir sigdæld þá sem þarna hefur myndast.

Myndirnar tók Birgir Kjaran

Finnar beita sér fyrir eflingu Norðurlandaráðs

Ákveðið í Harpsund að draga hvergi úr starfsemi þess

STOKKHÓLMI, 8. okt. — **Það var ákveðið á fundi forsætisráðherra Norðurlandanna og forseta Norðurlandaráðsins að draga á engan hátt úr starfsemi ráðsins. Öllum tillögum um að fækka fundum ráðsins eða takmarka umræðuefni þess var stungið undir stól. Þessu veldur fyrst og fremst eindregin krafa Finna um að Norðurlandaráðið verði eflt sem mest til þess að mynda tengilið milli Norðurlandaþjóðanna.**

★

Ráðherrar Norðurlanda og forsetar Norðurlandaráðs héldu fund með sér í Harpsund, sænska forsætisráðherrabústaðnum á fimmtudag og föstudag. — Fundinn sátu Viggo Kampmann forætisráðherra Danmerkur, J. Sukselainen forsætisráðherra

Frh. á bls. 23

Ætla þeir að svíkja

í skipulagsmálum alþýðusamtakanna ?

Á FUNDINUM í Trésmíðafélaginu sl. miðvikudagskvöld voru fulltrúaefni kommúnista þaulspurðir um afstöðu þeirra til þess máls, sem forseti ASÍ hefir sagt að yrði annað aðalmál Alþýðusambandsþingsins, skipulagsbreytingarnar á alþýðusamtökum.

Samkvæmt þeim tillögum mun Trésmiðafélagið sem önnur félög innan ASÍ leggjast niður sem sjálfstætt félag og renna inn í heildarsamtök byggingariðnaðarins.

Mál þetta hefir áður borið á góma í félaginu og um það verið gerðar ályktanir. Kommúnistarnir í stjórn félagsins hafa svo sem þeirra var von og vísa, svikizt um að taka málið til umræðu í félaginu og senda félagsmönnum tillögurnar til aflestrar, þrátt fyrir það að einróma samþykkt á fjölmennum fundi í sumar fæli þeim að gera það.

Þegar þeir á félagsfundinum voru minntir á þetta og þess krafizt, að þeir gæfu skýr svör um afstöðu þeirra á Alþýðusambandsþingi til málsins, þögðu

Frh. á bls. 2.

Alþingi sett á morgun

EINS og áður hefur verið skýrt frá hér í blaðinu verður reglulegt Alþingi 1960 sett á morgun, mánudaginn 10. október.

Athöfnin hefst með guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 13,30 Séra Bjarni Sigurðsson, prestur á Mosfelli, prédikar, en dr. Páll Ísólfsson leikur á orgelið.

Að guðsþjónustu lokinni fer þingsetningin fram í sal neðri deildar Alþingis.

Barizt í Dresden í A-Þýzkalandi

BERLÍN, 8. okt. — **Alvarleg uppþot urðu sl. laugardag í Dresden í Austur-Þýzkalandi. Fréttir af þeim bárust fyrst til Vestur-Berlínar á fimmtudaginn og síðan hafa borizt frásagnir sjónarvotta af þeim. Alger þögn ríkir um þennan viðburð í austur-þýzkum blöðum.**

Dresden-sýkin

Í Dresden hefur lengi verið veitt einna mest mótspyrna gegn valdi kommúnista í Austur-Þýzkalandi. Þar urðu mjög miklar og blóðugar óeirðir í júní

Framh. á bls 2.